

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 11. maí 2026

2604029SA APS/vrh

Málalykill: 01.04

Efni: Landspingsfulltrúar 2026-2030

Samband íslenskra sveitarfélaga óskar hér með eftir því að þitt sveitarfélag kjósi landspingsfulltrúa til að sitja á landsþingum Sambandsins og jafn marga til vara.

Öll sveitarfélög sem eiga aðild að Sambandinu eiga rétt til að senda fulltrúa á landsþingið í samræmi við íbúafjölda 1. janúar 2026, sbr. ákvæði 5. gr. samþykktu Sambandsins. En þar segir að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum skuli hlutaðeigandi sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á landsþing og gildir sú kosning fyrir kjörtímabil sveitarstjórnar. Um fjölda aðalfulltrúa á landsþingi gildir eftirfarandi:

- Sveitarfélag með allt að 1.000 íbúa kýs 1 fulltrúa.
- Sveitarfélag með 1.001 til 3.000 íbúa kýs 2 fulltrúa.
- Sveitarfélag með 3.001 til 5.000 íbúa kýs 3 fulltrúa.
- Sveitarfélag með 5.001 til 10.000 íbúa kýs 4 fulltrúa
- Sveitarfélag með fleiri en 10.000 íbúa kýs einn fulltrúa fyrir hvert byrjað tugþúsund íbúa umfram 10.000 til viðbótar hinum fjórum.


Þá eiga framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. bæjar- og sveitarstjórar, auk formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga, rétt til setu á landsþingi með málfrelsi og tillögurétti.

Að kosningu lokinni skal senda formlegt kjörbréf á samband@samband.is með nöfnum þeirra sem hafa verið kjörnir fulltrúar og vara fulltrúar þeirra. Þessar upplýsingar þurfa að berast fyrir 15. júlí nk.

Nánari upplýsingar veitir Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri þjónustusviðs, í síma 515-4915 eða valur.rafn.halldorsson@samband.is.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Arnar Þór Sævarsson
framkvæmdastjóri